



Nefndarsvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 16.03.2006

2006020016

***Frumvarp til æskulýðslaga - umsögn íþróttá- og tómsfundaráðs Reykjavíkur***

Skipulagt æskulýðsstarf er mikilvægur vettvangur fyrir börn og unglínga. Rannsóknir sýna að þátttaka ungs fólks í æskulýðsstarfi hefur mikið forvarna- og uppeldislegt gildi. Börn og ungmenni sem taka þátt í skipulögðu æskulýðsstarfi eru líklegri til að líta á sig sem ábyrga þátttakendur í samfélaginu.

**5. gr.**

Í greinargerð sem fylgir frumvarpi til æskulýðslaga er mikið fjallað um lýðræðislega þátttöku ungs fólks í samfélaginu og mikilvægi þess að virkja ungt fólk til þátttöku og að þau hafi möguleika á að koma skoðunum sínum á framfæri. Hvernig væri að í lögnum komi fram að ungmennaráð (“Ungt ráð”) starfi samhliða ÆRR og fulltrúi þeirra sitji í ÆRR?

**6 gr.**

Æskulýðsmál eru valkvætt verkefni sveitarfélaga. Því getur æskulýðsráð ríkisins ekki sett íþyngjandi kröfur á sveitarfélög varðandi þennan málaflokk þar sem ekki fylgir fjármagn frá ríki til sveitarfélaga til þessara verkefna. Samkvæmt þessari 6. gr. í frumvarpi til æskulýðslaga er lagt til að eitt af hlutverkum æskulýðsráðs verði að gera tillögur um áherslur og stefnumótun í málaflokknum. Óljóst er hvernig ÆRR getur framfylgt því hlutverki sem því er sett í grein 6.


**9. gr.**

Tryggja þarf að ófélagsbundin æska sem er í æskulýðsstarfi sveitarfélaga geti sótt um í æskulýðssjóðinn. Einnig þarf að tryggja að starfsmenn sem sinna æskulýðsstarfi sveitarfélaga geti sótt um styrki til þjálfunar og fræðslu í æskulýðssjóðinn.

**10. gr.**

Skoða þarf fyrningareglur þeirra laga sem um ræðir. Ekki er hægt að leggja að jöfnu kynferðisafbrot og ávana -og fíkniefnabrot. Er nægjanlegt varðandi þann hluta þessarar lagagreinar sem snýr að ákvæðum um ávana- og fíkniefni að miða við barnaverndarlög? Þau kveða á um að yfirmönnum sé heimilt að afla sér upplýsinga um umsækjanda þ.e. að óska eftir sakavottorði, að því gefnu að hann gefi fyrir því leyfi.

F.h. Íþróttá- og tónstundaráðs Reykjavíkur,



Helga Björnsdóttir,  
skrifstofustjóri.